

Ísland fær tæpar tvær milljónir evra í verkefnisstyrki úr starfsmenntaáætlun Evrópusambandsins

Stjórnarnefnd [Leonardo da Vinci starfsmenntaáætlunar Evrópusambandsins](#) samþykkti þann 26. apríl styrkupp hæðir til þátttökulanda áætlunarinnar fyrir árið 2004. Ísland fékk að þessu sinni tæpar tvær milljónir evra í sinn hlut en það er langhæsta upphæð sem Ísland hefur fengið úthlutað úr áætluninni síðan Ísland hóf þátttöku árið 1995. Styrkupp hæðin, 1.795.519 evrur, dreifist á milli 5 verkefnishugmynda en alls voru sendar inn 6 hugmyndir að verkefnum. Þetta er eitt hæsta árangurshlutfall nokkurs þátttökulands í ár. Verkefnin sem um ræðir eru svokölluð tilraunaverkefni en þau miða að því að þróa nýjar leiðir og verkfæri til að stuðla að fjölbreytni í starfsmenntun og starfsþjálfun og auka færni og þekkingu almennra starfsmanna. Styrkupp hæðir til einstakra verkefna eru frá 21 milljón til 37 milljóna.

Verkefnin sem hljóta styrk eru:

- Lesblinda fullorðinna – ný viðtalstækni og skimunarpróf til að greina lesblindu fullorðinna - Háskóli Íslands.
- Starfsendurmenntun fyrir öryrkja - Skóla- og félagsþjónusta Þingeyinga.
- Einstaklingsmiðað stuðningskerfi fyrir nemendur í brottfallshættu - Háskólinn í Reykjavík.
- Nám án orða – ný námsaðferð fyrir nemendur í leirlistaræld - Myndlistaskólinn í Reykjavík.
- CEReS - Fjölmennningarlegt og starfstengt námsefni í ensku - Háskólinn á Akureyri.



Leonardo da Vinci

Áhugi á mannaskiptastyrkjum aldrei meiri

Umsóknarfrestur um mannaskiptaverkefni er einnig nýliðinn. Umsóknir að þessu sinni voru 32 og hafa aldrei verið fleiri. Af því má sjá að áhugi Íslendinga á möguleikum Evrópustyrkja í starfsmenntun er sífellt að aukast. Í apríl var kunnert um úthlutun verkefna og fengu 20 fyrirtæki, skólar og stofnanir styrki til að senda nemendur, kennara og starfsmenn í starfsþjálfun og heimsóknir í 1 viku til 9 mánuði. Styrkþegar munu sækja starfsþjálfun sína til 13 Evrópulanda.

[Landsskrifstofa Leonardó á Íslandi](#) hefur umsjón með framkvæmd áætlunarinnar á Íslandi og er Landsskrifstofan til húsa hjá Rannsóknþjónustu Háskóla Íslands. Nánari upplýsingar um áætlunina er að finna á vef Landsskrifstofu Leonardó, www.leonardo.is

Greinargerð nefndar menntamálaráðherra um eignarhald á fjölmiðlum á Íslandi

Nefnd menntamálaráðherra um eignarhald á fjölmiðlum hefur lokið störfum og er [greinargerð](#) nefndarinnar að finna á vef menntamálaráðuneytisins.

Nefndin var skipuð með bréfi dags. 19. desember sl. og var falið að skila greinargerð um það, hvort tilefni væri til að setja sérstaka löggjöf um eignarhald á fjölmiðlum. Í nefndinni áttu sæti þeir Davíð Þór Björgvinsson, prófessor við lagadeild Háskólans í Reykjavík, Guðmundur Heiðar Frímannsson, deildarstjóri kennaradeildar Háskólans á Akureyri, Karl Axelsson hæstaréttarlögmaður og lektor við lagadeild Háskóla Íslands og Pétur Gunnarsson, skrifstofustjóri þingflokks Framsóknarflokksins. Nefndin skilaði af sér greinargerð sinni til menntamálaráðherra fyrir páska og var greinargerðin kynnt í ríkisstjórn í síðustu viku.

Í greinargerð nefndarinnar er að finna umfjöllun um hlutverk fjölmiðla, ítarlega lýsingu á íslenska fjölmiðlamarkaðnum, gerð er grein fyrir lagaumhverfi fjölmiðla á Íslandi og sömuleiðis alþjóðlegri og erlendri löggjöf um fjölmiðlamarkaðinn. Í lokakafli greinargerðarinnar eru loks settar fram hugmyndir og tillögur nefndarinnar.

Í greinargerð sinni telur nefndin að staðan á íslenskum fjölmiðlamarkaði beri ýmis einkenni samþjöppunar sem talin eru óæskileg út frá markmiðinu um fjölbreytni í fjölmiðlun. Er þá gengið út frá því að fjölmiðlar gegni lykilhlutverki í lýðræðislegu þjóðfélagi sem

vettvangur fyrir ólík viðhorf til stjórnmála og menningar í víðum skilningi og sem vettvangur fyrir öflun upplýsinga og miðlun þeirra.

Brottfall á framhaldsskólastigi

Í svari menntamálaráðherra við [fyrirspurn](#) Björgvins G. Sigurðssonar á Alþingi nýlega kom m.a. fram að heildarbrottfall á framhaldsskólastigi (dagskóla) frá hausti 2002 til haustsins 2003 var um 15%. Brottfall var meira hjá körlum en konum og meira í starfsnámi en bóknámi. Tölfræðiupplýsingar í svari við fyrirspurninni voru unnar af Hagstofu Íslands.

Brottfall má skilgreina á marga vegu. Sú aðferð sem hér var notuð var að taldir voru saman nemendur í dagskóla á framhaldsskólastigi ásamt iðnnemum á samningi um miðjan október 2002 samkvæmt nemendaskrá Hagstofu Íslands og þeir bornir saman við skráða nemendur í öllum skólum (framhaldsskólum, háskólum og tónlistarskólum) og á námssamningi um miðjan október 2003. Þeir nemendur sem hvorki höfðu útskrifast á þessu tímabili né komu fram í nemendaskrá haustið 2003 teljast vera brottfallnir þetta ár.

Hér er einungis um að ræða eina leið til að skilgreina brottfall. Hæpið er að telja alla þá nemendur sem hverfa frá námi brottfallsnemendur, enda ljóst að margir þessara nemenda hefja nám að nýju. Sveigjanlegt og opið skólakerfi hér á landi gerir nemendum kleift að taka sér tímabundið hlé frá námi. Oft er um að ræða nemendur sem af eðlilegum ástæðum kjósa að hverfa frá námi. Nemendum er ljóst að þeir eiga þess kost að

fá skólavist aftur þegar þeir sjá ljósari tilgang með náminu eða aðstæður þeirra eru af einhverjum ástæðum betri.

Fjöldi nemenda haustið 2002	18.250
Nemendur haustið 2002 sem ekki koma fram í neinum skóla á framhaldsskólastigi og háskólastigi haustið 2003	4.504
Þar af brautskráðir frá 1.12.2002 til hausts 2003	1.747
Brottfallnir nemendur frá hausti 2002	2.757
Brottfall í %	15,1

Brottfallnir eftir kyni.

Kyn	Nem. 2002	Brottfall, fjöldi	Brottfall %
Karlar	9.049	1.547	17 ,1
Konur	9.201	1.210	13 ,2
Alls	18.250	2.757	15 ,1

Brottfallnir eftir flokkun náms.

Flokkun	Nem. 2002	Brottfall, fjöldi	Brottfall %
Bóknám	11.414	1.331	11 ,7
Starfsnám	6.836	1.426	20 ,9
Alls	18.250	2.757	15 ,1

